44 20. maí brotunum hálfu minna. Brjóti gæzlumenn þeir, sem talað er um í 6. grein, samþykktina, eða vanræki skyldur þær, er þeim eru lagðar á herðar í nefndri grein, varðar það sektum frá 10 til 100 króna.

8. gr.

Öllum sektum fyrir brot gegn samþykkt þessari skal skipta í tvo jafna hluti, og falli annar hluturinn í fátækrasjóð Vestmannaeyjahrepps, en hinn til uppljóstrarmanns.

* * *

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. dag ágústmánaðar 1893, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands suðuramt, Reykjavík, 20. maí 1893.

Kristján Jónsson

settur.

45 18. maí **Brjef landshöfðingja *til beggja amtmanna* um nýtt form fyrir tollreikningum.** — 1.—2. Jafnframt því að senda yður hjermeð, herra amtmaður, hjálögð form fyrir tollreikningum og skilagreinum fyrir tolli, sem prentuð munu verða í B.-deild Stjórnartíðindanna, skal jeg þjónustusamlega skora á yður að leggja fyrir alla reikningshaldara í ömtum yðar, að fylgja fyrirmyndum þessum nákvæmlega eptirleiðis við tilbúning tollreikninganna; fyrirmyndin fyrir reikningnum hefur einkum þá nýjung að geyma, að tekjuhliðin er leyst upp eptir tollliðum innanstyrks, en utanstryks eru tollarnir að eins þrír, eins og áður hefur verið. Fyrirmyndin fyrir skilagreininni er mjög lítið breytt frá því formi, er nú víðast er komið á. Jafnframt skal það tekið fram, að bæði reikningurinn og skilagreinin eiga að vera tvírituð, og eiga þau fylkiskjöl að fylgja, sem nú skal greina:

1. Frumtollskrárnar eða frumrit vöruskránna, sem skipin hafa meðferðis eptir lögum 15. apríl 1854, 8. gr. Ef fleiri en einn heimtar toll af sama skipi, þá ber hinum síðasta að láta frumtollskrána fylgja reikningi sínum, en hinum fyrri ber að senda staðfestan útdrátt, eins og áður hefur tíðkazt, með reikningum sínum.

2. Þau skjöl og skilríki, sem getið er um í dómsmálastjórnarbrjefi 13. apríl 1872, 2. gr. 2—6 lið, og gildir þar sama um innheimtu kaffi- og sykurtollsins, eins og um innheimtu vínfangatollsins.

3. Þau vottorð lögreglustjóra, sem gjört er ráð fyrir í lögum 11. febr. 1876, 2. og 3. gr.

4. Vottorð frá þeim, er veita móttöku tóbaki og vindlum.

5. Eptirrit eða sekunda af ávísunum, þegar tollurinn er borgaður með ávísun til aðalfjehirzlu.

Öll fylgiskjölin mega vera einrituð.

Tollreikningur

.....sýslu (kaupstaðar) árið 18

Tekjur.				Útgjöld.											
Töluliður.	Tekjugreinir.	kr.	a.	Hvenær og hvernig greitt til landssjóðs.	Upp í vín-fanga-toll		Upp í tóbaks-toll		Upp í kaffi og sykur-toll		Upp í sektir		Upp í toll-tekjur samtals	
					kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.
1.	Tollur af vínföngum: kr. a.													
	a, af allskonar öli													
	b, — 8⁰ brennivíni													
	c, — 12⁰ ——													
	d, — 16⁰ ——													
	e, — rauðvíni eða messuvíni . . .													
	f, — öllum öðrum vínföngum . . .													
2.	Tollur af tóbaki:													
	a, af allskonar tóbaki í pundum . .													
	b, — vindlum													
3.	Tollur af kaffi og sykri:													
	a, af kaffi . . . . . kr. aur.													
	b, — kaffibæti . . . — —													
	c, — sykri og sírópi													
4.	Sektir (fylgiskjal .....)													
				Innheimtulaun 2% af tekjunum.										
	Samtals			Samtals										

Það vottast, að frá 1. janúar til 31. desbr. 18 hafi í lögsagnarumdæmi ..... sýslu (kaupstaðar) engar aðrar eða fleiri tolltekjur eða sektir, en þær, sem að ofan eru taldar, tilfallið landssjóði, hvorki af aðfluttum vörum, nje af skipströndum, reka eða því um líku.

.....

Skrifstofu .....sýslu (kaupstaðar) þann ..... 18.....

Skilagrein

fyrir aðflutningstolli, innheimtum í .....sýslu (kaupstað) árið 18.....

Komudagur	Nöfn skipanna	Nöfn skipstjóra	Fylgiskjöl nr.	Allskonar öl pt.	Brennivín og vínandi pt. 8° og þar undir	Brennivín og vínandi pt. yfir 8° allt að 12°	Brennivín og vínandi pt. yfir 12°	Rauðaeða messuvín pt.	Öll önnur vínföng pt.	Öll önnur vínföng fl.	Vínfangatollur kr.	Vínfangatollur a.	Aðflutt: vindlar hndr.	Aðflutt: Allskonar tóbak pd.	Tóbakstollur kr.	Tóbakstollur a.	Aðflutt: kaffi pd.	Aðflutt: kaffibætir pd.	Aðflutt: Sykur og síróp pd.	Kaffi og sykurtollur kr.	Kaffi og sykurtollur a.
		Samtals																			

Skrifstofa ..... sýslu (kaupstaðar) ..... 18...